



## FUNDARGERÐ – STJÓRNARFUNDUR

**Fundarstaður:** Skrifstofur ÍAV Höfðabakki 9  
**Dagsetning:** 29. október 2010  
**Fundarmenn:** Smári Þorvaldsson, SP  
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, ÁS  
Eyjólfur Bjarnason, EB  
Jóhanna B. Hansen, JBH  
Magnús K. Sigurjónsson, MKS

### 1. Kynning stjórnarmanna

Á þessum fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar NBD á Íslandi, bað formaðurinn Smári Þorvaldsson, fundarmenn að kynna sig. Meðal annars kom fram að menntun og núverandi starfsvettvangur þeirra er eftirfarandi:

Smári Þorvaldsson, verkfræðingur, deildarstjóri hjá Sweco AS / Verkfræðstofunni Kletti  
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, arkitekt, deildarstjóri á bygginga- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar  
Eyjólfur Bjarnason, verkfræðingur, gæðastjóri hjá ÍAV (Íslenskum aðalverktökum)  
Jóhanna B. Hansen, verkfræðingur, bæjarverkfræðingur Mosfellsbæjar, Mosfellsbæ  
Magnús K. Sigurjónsson, arkitekt, verkefnastjóri / vefstjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins

### 2. Viðfangsefni NBD

Formaður lýsti starfsemi NBD í meginráttum, hvernig NBD varð til, eðli og þróun starfseminnar. Mjög gott yfirlit yfir starfsemina til þessa er í nýútkomu riti sem stjórnarmönnum hefur verið afhent. Mesti kraftur í starfsemi NBD virðist vera í Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi en minni í Noregi og Danmörku. NBD er að því leyti einstakt að það er faglegur samstarfs- og umræðuvettvangur allra aðila innan mannvirkjagerðar, opinberra og einkaaðila.

### 3. Skipting stjórnarstarfa

Að tillögu formanns var ákveðið að stjórnin skipti með sér störfum þannig að Eyjólfur Bjarnason verður gjaldkeri og Magnús K. Sigurjónsson ritari.

### 4. Ástand byggingariðnaðarins

Rætt var um ástandið sem er í byggingariðnaðinum, þar sem verkefnaskortur og atvinnuleysi er gríðarlega mikið. Horfur eru einnig mjög slæmar og mikið um að fólk leyti fyrir sér um störf erlendis.

### 5. Atburðir, starfsáætlun og hugmynd um ráðstefnuefni

Fram kom að ráðsfundur verður haldinn á Álandseyjum í apríl/maí og næsta ráðstefna á vegum NBD verður í Helsinki í september 2011. Gert er ráð fyrir að NBD ráðstefna verði á Íslandi árið 2015 og meginverkefni stjórnarinnar verður að undirbúa hana. Rætt var um að halda innanlandsráðstefnu, seminarium, næsta vor þar sem umfjöllunarefni væri áhrif samdráttarins á mannvirkjagerð og hugsanlegar afleiðingar.

### 6. Næsti fundur

Næsti stjórnarfundur er fyrirhugaður í janúar/febrúar 2011.